

## Stjórnarfundur GDHL 23.02.01 á Skáney

Mættir:

Jón Þórberg, Águst, Reynir, Siggi Sig, Randi Holaker, Jói G og Davíð.

Óbreytt fyrirkomulag innan stjórnar.

Fræðslunefnd 2021, smávægilegar manna breytingar. Marjólin Tiepen og Gísli Guðjónsson gáfu ekki kost á sér áfram, ný í nefnd eru Alexandra Montan og Lárus Hannesson. Aðrir í fræðslunefnd eru Valdimar Ólafsson, Stefán Ágústsson, Valur Valsson og Sindri Sigurðsson.

Hugmynd frá fræðslunefnd að hafa annahvert ár rafrænt upprifjunar námskeið sameiginlegt með dómurum erlendis. Ca 50 manns samtals. Gekk vel núna á námskeiðinu sem var í vetur.

Jói G er með hugmynd að dæma ca 10 hesta á mánuði á netinu til að samræma dómara hópinn og halda þannig dómara hópnum á tánum og vera með fleiri hittinga og fara yfir sýningar og samræma, t.d. eftir landhlutum.

Hugmynd að fræðslunefnd verði með kynningar fundi og útbúi efni til kynningar og útbreiðslu á gæðingatölti. Mikilvægt að þetta efni verði tilbúið sem fyrst svo hægt sé að koma því á vertaleika dagskrá hestamanna félaganna í vetur.

Siggi Sig kemur með hugmynd að vera með opinn fund ( fræðslufund) fyrir alla, þar sem væru t.d. dæmdar 2 sýningar með útskýringum hvað er verið að dæma og hvernig sýning er dæmd.

Randi kemur með hugmyndir að því að hressa uppá fyrirlesturinn sem er nú þegar til um kynningu á gæðingakeppni sem hún flutti fyrir reiðmannshópa á síðasta ári. Hún telur nauðsinlegt að stitta söguhluta og bæta inn myndböndum af sýningum og efni um það sem er í gangi í dag.

Feif mál, Jón Þórberg verður sambandi um stöðu mála þar á bæ.

Meistaramót síðasta sumar rætt, nauðsinlegt að efla það mót enn meir. Gjaldkeri vill sjá nákvæma sundurliðun á mótinu.

Leggja áherslu á að byrja snemma að samræma dómara sem eiga dæmi fjórðungs og Landsmót.

Samþykkt að árgjald og samræmingargjald verði 12000 þetta árið og verði sent í heimabanka fjótlega. Stefnt á að hækka árgjald á næsta aðalfundi.

Samþykkt að senda bréf á hestamanna félögin með kunningu á gæðingatölti og að hvetja félögin að sækja um dómara tímanlega.

Ákveðið að samræming verði 13 og 20 mars, dómara geti valið á milli hvort þeir sitja í gegnum tölvu.

